

RÁÐSTAFANIR GEGN BRAUTARÁTROÐNINGI

UPPLÝSINGAR
OG TILMÆLI



Akstur flugvéla að og frá flugbrautum er mögulega einn hættumesti hluti flugs vegna nálægðar við aðrar flugvélar, ökutæki og fólk. Á síðustu árum hafa atvik sem fela í sér brautarátroðning, þ.e. að flugvél, ökutæki eða fólk fer inn fyrir öryggissvæði flugbrautar án heimildar, aukist umtalsvert.

Að gefnu tilefni vill Samgöngustofa koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum og tilmælum til flugmanna, flugumferðarstjóra og ökumanna á flugvöllum.



ORSAKAÞÆTTIR

Flugmenn, flugumferðarstjórar og ökumenn tækja á flugvöllum geta allir lent í brautarátroðningsatviki. Þegar brautarátroðningsatvik á Íslandi eru rýnd kemur í ljós að meirihluti þeirra verða vegna samskiptaörðugleika milli flugmanna og flugumferðarstjóra eða vegna mistaka í akstri flugvéla.


Sem dæmi um orsakaþætti atvika má nefna að ekki er farið eftir fyrirmælum frá flugumferðarstjórn, heimildir eru ekki lesnar rétt til baka og að flugmenn misskilji fyrirmæli. Einnig eru mörg dæmi um að flugmenn virði ekki stöðvunarlínur, skilti og ljósmerkingar við flugbrautir þrátt fyrir skýr fyrirmæli um að bíða við braut og að flugmenn aki ranga leið.

Mörg þessara atvika hefði verið hægt að koma í veg fyrir með árvekni flugmanna, ökumanna og flugumferðarstjóra.

HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA?

Mikilvægt er að hafa í huga að aldrei má aka yfir stöðvunarlínur við flugbrautir án þess að hafa fengið heimild til þess frá flugumferðarstjórn. Hvort sem það er til flugtaks eða til að aka yfir flugbraut. Ef minnsti vafi leikur á hvort heimild sé til staðar skal alltaf leita staðfestingar hjá flugumferðarstjórn.

RÁÐSTAFANIR GEGN BRAUTARÁTRÖÐNINGI



- Sýna fagmennsku og vandvirgni í talstöðvarsamskiptum. Ef einhver vafi leikur á fyrirmælum skal biðja um endurtekningu. Flugumferðarstjórar eru alltaf reiðubúnir að endurtaka eða útskýra frekar fyrirmæli.
- Nota stöðluð orðtök (sjá **AIC B001/2022** um stöðluð íslensk orðtök til notkunar í flugfjarskiptum) Einnig má notast við ensk stöðluð orðtök samkvæmt ICAO DOC 4444.
- Gott er að skrifa niður fyrirmæli ef hægt er.
- Kynna sér vel yfirborðsmerkingar, skilti og ljósabúnað á flugvöllum.
- Kynna sér akstursleiðir og skipulag flugvallarins áður en farið er í flug (athuga þá sérstaklega „hot spot“ svæði vallarins).
- Kynna sér NOTAMs fyrir flugvöllinn (þar er oft að finna upplýsingar um framkvæmdir innan vallarins, óvirk ljós o.s.frv.).
- Hafa alltaf uppi kort af flugvellinum.

Þessi ráð eiga jafnt við á stjórnunum og óstjórnunum flugvöllum. Þar sem ekki er flugumferðarþjónusta er mikilvægt að tilkynna fyrirætlanir sínar á tíðni flugvallarins eða fjarskiptatíðni sjónflugs **118.100/118.400 Mhz** eftir því sem við á og fylgjast vel með annarri umferð við völlum fyrir landingu eða flugtak.

